



**UST**

**Umhverfisstofnun**

*Environment and Food Agency of Iceland*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu  
Pétur Ingi Haraldsson  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

✉ Suðurlandsbraut 24  
IS-108 Reykjavík, Iceland

⌚ (+354) 591 2000  
Fax (+354) 591 2010  
[umhverfisstofnun@ust.is](mailto:umhverfisstofnun@ust.is)  
[www.umhverfisstofnun.is](http://www.umhverfisstofnun.is)

Reykjavík, 15. nóvember 2007  
Tilvísun: UST20071000180/ksj

### **Tillaga að deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum.**

Vísað er til erindis frá Skipulagsfulltrúa uppsveita Árnessýslu sem barst þann 29.10. síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi tjald- og þjónustusvæðis á Flúðum.

Deiliskipulagið nær til svæðis sem liggur fyrir vestan núverandi þéttbýli á Flúðum og afmarkast af þjóðvegi til norðurs og austurs, af Litlu-Laxá í suðri og hreppsmörkum í vestri. Alls er skipulagssvæðið 15,7 hektarar.

Umhverfisstofnun gerir eftirfarandi athugasemdir við erindið.

Í greinargerð með deiliskipulagsupprætti kemur fram að mörk tjaldstæðisins eru 20 metra frá bökkum Litlu Laxár. Á uppdrætti liggur vegur um tjaldsvæðið vestanvert og er þar alveg við lóðarmörkin, sem að mati Umhverfisstofnunar er of nálægt ánni. Í skipulagsreglugerð 400/1998 grein 4.15.2 Vötn, ár og sjór í skipulagsáætlunum segir: "í deiliskipulagi aðliggjandi svæða utan þéttbýlis skal þess gætt að ekki sé byggt nær vötnum, ám eða sjó en 50 m og að ekki verði hindruð leið fótgangandi meðfram þeim." Umhverfisstofnun mælir með að vegurinn verði 50 metra frá ánni.

Virðingarfyllst

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur



Helgi Jansson  
Forstöðuþáður